

Viðmið um kerfispjónustu 2023

Viðmið kerfispjónustu 2023

Reiðuafl skal vera að lágmarki 100 MW með reglunarstyrk að lágmarki 400 MW/Hz.

Reglunaraflstrygging skal vera að lágmarki 40 MW til uppreglunar og 40 MW til niðurreglunar.

Varaafli skal vera að lágmarki 30 MW.

Kerfispjónusta

Kerfispjónusta er þjónusta, önnur en framleiðsla raforku, sem notuð er til að starfrækja stöðugt og öruggt flutningskerfi raforku. Í kerfispjónustu felst reiðuafl vegna tíðnistýringar, reiðuafl vegna truflana, reglunaraflstrygging og aðgengi að varaafli.

Reiðuafl

Reiðuafl á við um það afl sem reglunareining (virkjun eða notandi) með sjálfvirkri tíðnireglun getur bætt við eða dregið úr án fyrirvara. Reiðuaflið er skilgreint við 50 Hz tíðni. Reiðuafl vegna tíðnistýringar á við það reiðuafl, sem fyrirvaralaust er tiltækt fyrir tíðnistýringu á bilinu 49.8 - 50.2 Hz og stýrist sjálfvirk út frá tíðnifráviki kerfis, en reiðuafl vegna truflana á við um reiðuafl utan þess tíðnibils.

Reglunarstyrkur

Reglunarstyrkur er eiginleiki reglunareiningar til reglunar á tíðni, skilgreint út frá loti reglunareiningar og málafli. Reglunarstyrkur í samtengdu raforkukerfi er samanlagður reglunarstyrkur allra reglunareininga, sem því tengjast.

$$\text{Reglunarstyrkur} = P_n / (S \times 50 \text{ Hz})$$

Þar sem P_n er málafli og S er lot reglunareiningar.

Reglunaraflstrygging

Reglunaraflstrygging nefnist það þegar Landsnet gerir samning við vinnslufyrirtæki um að það bjóði yfir ákveðin tímabil ákveðið lágmark reglunarafls innan tilgreindra afl- og verðmarka á reglunaraflsmarkaðnum. Reglunaraflstrygging tryggir lágmarks framboð á reglunaraflsmarkaði.

Aðgengi að varaafli

Landsnet gerir samninga við rekstraraðila varaaflstöðva um aðgengi að varaafli þar sem þess er þörf. Kostnaður vegna aðgengi að varaaflstöðvum er hluti af kerfispjónustu.